

Lög Fágunar – Félags áhugafólks um gerjun

1. § Félagið.

Félagið heitir Fágun – Félag áhugafólks um gerjun.

Félagið er áhugamannafélag. Heimili þess er í Reykjavík.

Félagar eru hverjir þeir sem hafa náð fullum 20 ára aldri, hafa borgað félagsgjöld og undirgengist þessar samþykktir.

2. § Markmið.

Tilgangur félagsins er að:

- Sameina áhugafólk um gerjun
- Miðla þekkingu á gerð gerjaðrar matvöru og menningu henni tengdri
- Stuðla að bættri ímynd heimagerjaðra matvæla
- Stuðla að lagabreytingum til að heimila gerjun drykkja til einkanota.

Í starfssemi og reglugerðum félagsins vísar hugtakið gerjun til beitingar örvera í gerð matvæla og drykkja.

3. § Starfsemi.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að starfrækja heimasíðuna <http://www.fagun.is/> þar sem spjallhópar verða aðgengilegir öllum félagsmönnum. Einnig mun félagið standa fyrir námskeiðum og keppnum til að vekja áhuga almennings og félagsmanna á efninu.

4. § Starf stjórnar.

Stjórn skiptir með sér verkum: formaður, gjaldkeri, ritari og 2 meðstjórnendur.

Formaður boðar stjórnarfundi. Í forföllum formanns stýrir gjaldkeri fundi.

Stjórnarfundur er ákvörðunarfær ef 3 atkvæðisbærir menn hið minnsta sækja

fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti af 5 úrslitum mála.
Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á stjórnarfundum.

Hver félagsmaður má aðeins gegna sama embætti í 4 ár samfleytt.

Daglega umsjón félagsins annast formaður félagsins.

Formaður má rita félagið í umboði stjórnar.

Gjaldkeri annast reikningshald á vegum stjórnar og skilar endurskoðuðum ársreikningum til aðalfundar.

Stjórn ber ábyrgð á vefsíðu og skipar vefstjóra.

Stjórn og aðalfundi er heimilt að skipa í nefndir og embætti á vegum félagsins og setja þeim starfsreglur

5. § Félagsfundir.

Mánaðarlegir félagsfundir skulu boðaðir af stjórn félagsins.

Félagsfundir skulu ávallt opnir öllum. Aðrir viðburðir á vegum félagsins eru aðeins fyrir félagi nema stjórn félagsins ákveði annað.

Skrá skal í fundargerðabók það helsta sem kemur fram á félagsfundum.

6. § Aðalfundur.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Aðalfundur skal boðaður með auglýsingu á www.fagun.is ásamt tölvupósti til gilda félaga með minnst tveggja vikna fyrirvara og telst hann þá löglega boðaður.

Atkvæðisrétt hafa gildir félagar skv fyrstu grein.

Reiknings og starfsár félagsins er almanaksárið.

Á aðalfundi félagsins skulu tekin fyrir þessi mál:

1. kjör fundarstjóra og ritara.
2. Ársskýrsla stjórnar og umræður.
3. Endurskoðaðir reikningar fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum skoðunarmanns reikninga, eru lagðir fram til samþykktar.
4. Starf og fjárhagssáætlun lögð fram til umræðu
5. Árgjald næsta almanaksárs lagt fram til umræðu og samþykktar.
6. Lagabreytingar.
7. Kosningar: kosnir 5 í aðalstjórn. Ennfremur 1 skoðunarmaður reikninga og annar til vara. Umsjónarmaður vefsíðu. Kosið er til eins árs eða til næsta aðalfundar
8. Önnur mál.

7. § Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar skulu birtar á vef félagsins, í sama þræði og fundarboð á aðalfund, minnst viku fyrir aðalfund.

Til breytinga á lögum þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins samkvæmt

2. grein

8. § Hrat

Á aðalfundi má gjaldkeri leggja fram tillögu þess efnis að tilgreindum hluta rekstarafgangs verði úthlutað til rekstur félagsins á næsta ári, sé tillagan samþykkt telst sú upphæð ekki lengur til rekstrarafgangs.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til veitingakaupa á aðalfundi félagsins.

9. § Félagsslit.

Ákvörðun um slit félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi með, auknum meirihluta, 75% atkvæða. Eignir félagsins renna til Umhyggju, félags langveikra barna.

Lög þessi eru samþykkt á aðalfundi félagsins 2015.